



Reykjavík 27. mars 2020

Kæra samstarfsfólk.

Þegar ég kom heim í gær og gekk upp tröppurnar í átt að húsinu sá ég að krókusar, bláir og hvítir voru að kíkja upp úr moldinni. Það minnti mig ekki aðeins á að vorið er í nánd heldur einnig á ykkur og allt það góða starf og dyggu þjónustu sem þið haldið úti. Það er eins og heilt blómahaf hafi sprungið út svo mikið er að gerast í kirkjunni þessa dagana. Ég gleðst yfir öllum þeim góðu og þörfu verkum sem ég sé á facebook-síðum sóknanna og öðrum miðlum. Takk fyrir það allt, sem og bænirnar og einlægán áhuga ykkar á því að koma okkar góða erindi til fólksins á þessum erfiðu dögum. Einnig þakka ég ykkur sem hafið skrifað og munu skrifa hugvekjurnar í Morgunblaðið, en þær munu birtast alla daga nema sunnudaga næstu vikurnar. „Kirkjan kemur til fólksins“ er yfirskrift þessa verkefnis og kunnum við starfsfólki Morgunblaðsins bestu þakkir fyrir að gera okkur þetta kleift.

Því miður herjar SARS-CoV-2 veiran enn á mannfólkið og eins gott að halda áfram að fara eftir öllum ráðleggingunum og reglunum sem heilbrigðisvörðöld setja fram. Ljóst er að hámarki faraldursins er ekki náð og því getur samkomubann og harðar reglur gilt nokkrar vikur enn. Af þeim sökum hef ég ákveðið að áður auglýst prestastefna sem fara átti fram 28. – 30. apríl, fellur niður árið 2020.

Ég vil einnig beina þeim tilmælum til presta sem eru í sóttkví eða geta ekki sinnt þjónustunni vegna undirliggjandi sjúkdóma, en eru ekki sýktir, að þeir sinni sálgæslusímavakt. Ég hef fengið upplýsingar frá próföstum um vaktafyrirkomulag í umdæmum þeirra. Á næstu dögum verða símanúmer vakt símanna í hverju prófastsdæmi fyrir sig auglýst á kirkjan.is sem og bakvaktasími biskupsstofu.

Gaman hefur verið að heyra að í stærstu prestaköllunum og víðfeðmustu hefur tæknin algjörlega virkað í öllum samskiptum og skipulagningu kirkjustarfsins.


Á biskupsstofu í Katrínartúni 4 er faliðað því flestir vinna heima. Það fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og hafa fundir farið fram í gegnum forritið Microsoft Teams og eru meiri samskipti þar og í tölvupóstum en í símtölum. Á kirkjan.is, undir myndinni af Ögurkirkju sem merkt er „Kirkjan kemur til fólksins á krefjandi tímum/ COVID 19“ eru upplýsingar, ekki tæmandi þó, um það sem kirkjan stendur fyrir þessa dagana.

Sem fyrr er það hlutverk þjóðkirkjunnar og tilgangur að koma gleðiboðskapnum til fólksins í landinu. Það á ekki hvað síst við nú þegar lítil veira hefur tekið völdin og sett heiminn á hliðina. Hún skal þó ekki hafa betur. Með hjálp Guðs, heilbrigðisstarfsfólks og vísindanna skal hún kveðin niður. Guð gefi okkur styrk til að standast, boða og biðja.

Orðið hefur áhrif á mann og heim. Orðið sem varð hold sigrar, líknar og lækna.

„Eins og regn og snjór fellur af himni og hverfur ekki þangað aftur fyrr en það hefur vökvað jörðina, gert hana frjósama og gróandi, gefið sáðkorn þeim sem sáir og brauð þeim er eta, eins er því farið með orð mitt sem kemur af munnnum mínum, það hverfur ekki aftur til mín við svo búið heldur kemur því til leiðar sem mér þóknast og framkvæmir það sem ég fel því.“ (Jes. 55:10-11)

Með bæn um blessun Guðs í lífi og starfi,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.